

Mývatnssveit, 2. febrúar 2018

Efni: Athugasemdir Fjöreggs vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir óskipt land Voga í Skútustaðahreppi.

Fyrirliggjandi er deiliskipulagstillaga fyrir óskipt land Voga í Skútustaðahreppi. Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit, fagnar því stóra og metnaðargjarna framtaki sem landeigendur sýna með því að deiliskipuleggja óskipt land Voga.

Við gerum nokkrar athugasemdir við deiliskipulagið ásamt því að setja fram nokkrar hugleiðingar.

Í fyrsta lagi kemur á nokkrum stöðum fram í skjalinu að svæðið sé ekki innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og en það er umdeilanlegt. Svæðið er að mestu eða öllu innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár sem er einnig verndað með lögum nr. 97/2004. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 97/2004 átti að friðlýsa þau svæði aftur sem áður voru friðlýst skvæmt lögum nr. 36/1974 (sem tók til verndunar alls Skútustaðahrepps ásamt Laxár og 200 m bakka sitt hvoru megin við ána með sérlögum) sem væru „mikilvæg fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða“. Umhverfisstofnun gerði tillögu að þessum svæðum í riti sem gefið var út árið 2004 og heitir Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár. Samkvæmt þessum tillögum átti að vera búið að friðlýsa nánast allt það svæði sem fjallað eru um í deiliskipulagi þessu fyrir 1. Janúar 2008. Nálgast má ritið í þessum tengli á internetinu https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridlysingar/Myvatn_2004_vef.pdf

Okkur finnst eðlilegt að þeirri námu sem gert er ráð fyrir í kafla 3.2.6 í greinagerð óskipta landsins, séu gerð frekari skil varðandi efnistöku og frágang. Einnig viljum við taka fram að við sjáum ekki að gert sé ráð fyrir vegagerð í aðalskipulagi Skútustaðahrepps í tengslum við vatnsból Bjarnarflagsvirkjunar sem fjallað er um í sama kafla en það er gert í deiliskipulaginu. Vanda þarf til verka við lagningu lagna frá vatnsbólunni þar sem þær liggja í gegnum tiltölulega ósnortið en sandorpið eldhraun sem verndað er skv. 61 gr. Laga 60/2013 um náttúruvernd. Einnig ber að skoða vel þær hugmyndir að gera vegaslóða í Búrfellshauni frá Lúdent að Hvannfelli með tilliti til sömu laga í kafla 3.3.1 greinagerðarinnar. Einn stór kostur fylgir því að gera veginn því hann eykur öryggi þar sem snjóflóðahætta er í slóðinni meðfram Hvannfelli að vetri til.

Bílastæði við Lúdentsborgir. Maður veltir fyrir sér hvort það sé æskilegt að búa til bílastæði við svæði sem skortir innviði og er viðkvæmt án þess að gert sé ráð fyrir að umsjón með svæðinu fylgi. Vissulega er talsvert um það að bílar stöðvi á svæðinu og fólk fari gangandi um það og skoði borgirnar. Einnig þyrfti að koma fram hvort gönguleiðir og reiðleiðir sem merktar eru á uppdrætti deiliskipulagsins verði stikaðar og ef svo er hver sér um þá framkvæmd og hver viðheldur henni. En vissulega er þetta deiliskipulagstillaga en ekki verndar- og stjórnunaráætlun.

Tillögur að skipulagi við Grjótagjá gera ráð fyrir þónokkuð umfangsmiklum framkvæmdum sem munu breyta aðkomu að svæðinu óafturkræft að miklu leiti. Átroðningur á svæðinu nú vegna aðstöðuleysis er einnig að breyta svæðinu óafturkræft. Við myndum vilja að hugsað yrði til þess að mögulegt verði að fjarlægja allar byggingar af svæðinu án þess að það breyti núverandi ásýnd svæðisins varanlega.

Einnig teljum við eðlilegt að fram komi hvernig tryggja eigi öryggi þeirra sem fara inn í hellinn gegn þeirri hættu sem stafar af grjóthruni. Við spyrjum einnig hvort lagaleg heimild til gjaldtöku á svæðinu sé trygg.

Vogagjá. Bílastæðið er lítið og lítil bílastæði þar sem mikil umferð er hefur tilhneigingu til að valda því að lagt sé við bílastæðið, í köntum þess og nærliggjandi vega eða utan þess. Samkvæmt tillögunni vantar aðstöðu fyrir starfsmann sem myndi hafa umsjón með Vogagjá. Eins og þetta er sett fram í deiliskipulaginu má alveg spyrja sig hvort þörf sé á að hafa byggingu á svæðinu þar sem baðaðstaða og salerni verði þegar til staðar við Grjótagjá. Mætti ekki alveg eins hafa eitt lokað bílastæði við Vogagjána, jafnvel aðeins frá gjánni, og baðgestum yrði skutlað á milli af starfsmanni sem fer með umsjón með svæðinu. Sá starfsmaður hefði betri aðgang að vinnuaðstöðu við Grjótagjá. Ef ætlunin er að hafa svæðið opið allan ársins hring þarf að koma fram hvort gert er ráð fyrir að stígarnir verði þannig að hægt sé að moka þá með vél. Það vantar einnig upplýsingar um það hvernig og hvar stígurinn á að liggja frá bílastæðinu og að „girðingarslóðanum“ og því erfitt að meta hvaða áhrif það hefur.

Hverfjall. Mikið er um það að bílum sé lagt við tjörnina við Hverfjall, sunnan aðkomuleiðar frá Þjóðveginum. Eðlilegt væri að deiliskipulag þetta gerði tillögu um hvað ætti að gera á því svæði.

Fyrir hönd Fjöreggs,
Bergþóra Kristjánsdóttir